

1159. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 5. apríl 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Varamennirnir Kristjana Þorbjörg og Guðrún Björk sitja fundinn sem varamenn Bjarna Þórs og Benónýs Vals en Rannveig situr sem áheyrnarfulltrúi í þetta sinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1158. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1158. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Ragnar Þór notaði tækifærið undir þessum dagskrárlið til þess að bjóða nýja stjórnarmenn hjartanlega velkomna til starfa og hlakkar hann til þess að starfa með þeim og nýta þeirra krafta.

2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Ragnar Þór sagði að nú væri komið að þeim hefðbundna dagskrárlið, á fyrsta fundi eftir kosningar og aðalfund, sem er að kjósa varaformann og ritara stjórnar. Fyrst yrði kosið um embætti varaformanns VR og bauð hann þeim sem vildu að gefa kost á sér til embættisins.

Helga gaf kost á sér.

Ingibjörg Ósk gaf kost á sér.

Þær Helga og Ingibjörg Ósk héldu nú stutta tölu þar sem þær ræddu sínar áherslur og ástæður þess að þær eru báðar reiðubúnar til þess að sitja sem varaformenn félagsins. Helga fyrst og síðan Ingibjörg Ósk.

Að því búnu fór fram leynileg kosning milli þeirra tveggja.

Úrslit urðu þau að Helga hlaut 10 atkvæði en Ingibjörg Ósk 5 atkvæði og er Helga Ingólfssdóttir því réttkjörin varaformaður VR.

Næst bauð Ragnar Þór þeim er vildu að bjóða sig fram til embættis ritara VR.

Birgir Már gaf kost á sér.

Harpa gaf kost á sér.

Þau Birgir Már og Harpa héldu næst stuttar ræður um áherslur sínar og að því búnu var gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu.

Úrslitin urðu þau að Birgir Már fékk 7 atkvæði en Harpa 8.

Harpa Sævarsdóttir er því réttkjörin sem ritari stjórnar VR.

Að þessu loknu drógu fundarmenn um sætaskipan á þessu starfstímabili sem nú er að hefjast og tóku sér að því búnu sæti samkvæmt því.

3. Skipað í nefndir á vegum VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Tillaga að skipan í nefndir og ráð VR 2017*“ og fór yfir efni þess á skjá. Kom fram í máli hans að hann hefði átt fundi með hverjum og einum stjórnarmanni fyrir fund til þess að heyra hvar áherslur og áhugasvið hvers stjórnarmanns lægi til að hafa til hliðsjónar við skipan í nefndir og ráð. Vonaðist hann því til þess að þessar tillögur endurspegli þær umræður og sátt verði um þær.

Umræður urðu um nokkrar tillögurnar og voru gerðar breytingar sumsstaðar og síðan leitað samþykkis. Ekki þurfti að koma til kosninga þar sem ýmist aðalmenn eða varamenn buðust til að stíga til hliðar til að sátt næðist um skipan. Einnig kom fram að ekki þyrfti í þetta sinn að skipa í Öldungaráð VR því skipan þess er til tveggja ára í senn og er enn eitt ár eftir hjá þeim.

Eftirfarandi skipan nefnda var samþykkt:

A. Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR

Bjarni Þór Sigurðsson

Harpa Sævarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Sigurður Sigfússon

Unnur María Pálmadóttir

Benedikt Vilhjálmsson, varamaður

B. Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Birgir Már Guðmundsson

Dóra Magnúsdóttir

Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Rannveig Sigurðardóttir

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson, varamaður



C. Starfsmenntanefnd VR

Birgir Már Guðmundsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Unnur María Pálmadóttir

Ólafur Reimar Gunnarsson, varamaður
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, varamaður

D. Húsnæðisnefnd VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Elizabeth Ann Courtney
Helga Ingólfssdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Ólafur Reimar Gunnarsson

Birgir Már Guðmundsson, varamaður
Guðrún Björg Gunnarsdóttir, varamaður

E. Laganefnd VR

Harpa Sævarsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigurður Sigfússon
Rannveig Sigurðardóttir

F. Launanefnd VR

Birgir Már Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

G. Kjaramálanefnd VR

Birgir Már Guðmundsson
Elizabeth Ann Courtney
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Unnur María Pálmadóttir

H. Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR

Benóný Valur Jakobsson
Harpa Sævarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Elizabeth Ann Courtney, varamaður

I. Jafnréttisnefnd VR

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Elizabeth Ann Courtney

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, varamaður
Ólafur Reimar Gunnarsson, varamaður

4. Starfssamningur formanns VR

Birgir Már frá Launanefnd VR lagði fram skjalið „*Samningur um launakjör formanns VR*“ dags. 23.03 2017. Kynnti hann samninginn lauslega og sagði að launanefnd hefði hitt formann á fundi þann 23. mars sl. þar sem ræddar voru tillögur og hugmyndir formanns. Þessi samningur er svo niðurstaða þeirrar vinnu og sbr. 12. gr. laga VR sé þetta nú lagt fyrir stjórn til samþykktar.

Umræður.

Í umræðum kom fram hjá Svanhildi Ólöfu sem er í Launanefnd VR að hækkunar launa fyrrum formanns sem voru umfram kjarasamningsbundnar hækkunar séu hér dregnar frá sem þýði um 300 þús. kr. lækkun launa frá þeim sem launum sem fyrrum formaður var með.

Ragnar Þór þakkaði launanefndarmönnum fyrir þeirra störf og bar samninginn upp til atkvæða.

Samþykkt. Formaður sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

5. Stofnun deildar VR á Suðurlandi

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Starfsreglur VR Suðurlandsdeildar*“ sem eru drög að starfsreglum deildarinnar. Kom fram í máli hans að þessi drög byggðu á samsvarandi starfsreglum deilda VR í Vestmannaeyjum og á Austurlandi með örlitlum breytingum.

Þetta er lagt fram hér til kynningar en verður tekið fyrir til samþykktar á stofnfundi deildarinnar síðar í mánuðinum og kemur eftir það til staðfestingar stjórnar á næsta stjórnarfundum í maí.

Umræður.



Fundi var slitið kl. 20:00
Árni Leósson, fundarritari